

# Floor Varnish, 10

.Flügger Gulvlak er vatnþynnanlegt, glært PU lakk fyrir viðargólf. Lakkið skilar hörðu og sérlega slitsterku yfirborði sem er auðvelt að þrifa.

## Vörulýsing

Ultramatt, glært, vatnþynnanlegt PU gólfلاك sem gulnar ekki. Mjög hart og slitþolið lakk sem ver gólfíð og gefur því frísklegt útlit.

- Slitsterkt
- Fyllir vel
- Rispuþolið



## Notkunarmöguleikar

Hentar vel í íbúðarhúsnæði eða rými með sambærilega umgengni og álag. Hentar á nánast allar viðartegundir, t.d. furu, eik, ask, beyki, birki, Oregon-furu og kork. Undirlagið þarf að vera grunnað eða áður lakkað.

## Undirlag

Undirlagið þarf að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirmálunar.

## Meðhöndlun

Laust efni og flagnandi, eldri málningu og lakk skal fjarlægja með slípun áður en lakkað er.

Óhreinindi, ryk, fitu og annað sem getur haft neikvæð áhrif á viðloðun skal hreinsa með Flügger Natural Wood Cleaner eða Fluren 37.

Grunnið ómeðhöndluð viðargólf með Flügger Floor Primer.

Mattslípa skal gljáandi fleti með eldri lakkfilmu, en forðist að slípa alla leið í gegn.

Ryksugið og þurrkið yfir með stífum klút.

Hámarks slitstyrkur næst með því að lakka 2 eða fleiri umferðir.

## Notkun

Notið pensil eða rúllu.

Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfu um lokaáferð. Mismunur á yfirborði getur orsakað litafrávik. Notið alltaf efni með sama lotunúmeri fyrir samliggjandi eða órofna yfirborðsfleti.

Notið „blautt á blautt“-áferð við lökkunina og strjúkið penslinum/rúllunni langsum eftir hverju borði. Forðist skörun og pollamyndun.

Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins. Hrærið/hristið vel fyrir og á meðan notkun stendur.

Forðast verður alla rakapéttingu meðan efnið þornar / harðnar.

Kuldi og aukinn loftraki lengir þurrktíma efnisins, tímann sem þarf að líða á milli umferða og tímann sem efnið tekur að ná fullri hörðun.

Hár lofthiti og lítil loftraki stytta þurrktíma efnisins, tímann sem þarf að líða á milli umferða og tímann sem efnið tekur að ná fullri hörðun.

Gætið þess að rakastig í trégólfum sé jafnt áður en þau eru meðhöndluð. Gerið prufu til að kanna viðloðun og tryggja að útkoman sé í samræmi við væntingar.

# Væntanleg útkoma

Ultramatt, glært, mjög slitsterkt og rispupolið PU gólfلاك sem gulnar ekki. Fyllir vel og flýtur vel saman. Polir hefðbundin óhreinindi og notkunartengt slit og hreingerningu með hefðbundnu gólhreinsiefni og skúringamoppu. Felur ekki mislitanir frá efnum sem viðurinn gefur frá sér. Sýnið varúð og hlífið fletinum á meðan lakkið nær fullri hörku. Flötinn má taka í notkun eftir 24 tíma.

## Athugið!

Til að árangurinn verði sem best er á kosið skal tryggja að umhverfið sé vel rykhreinsað áður en lakkað er.

## Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

**Geymsla:** Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

**Öryggisbúnaður:** Penslun/rúllun: Hlífdargleraugu og hanskar. Þússun: Búnaður til verndar öndunarfærum.

## Viðbótar upplýsingar

Skráð í gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Nordurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

## Tæknilegar upplýsingar

Vara	Lakk
Gljái	10;Matt
Eðlisþyngd (kg/l)	1.03
Efnisnotkun (m <sup>2</sup> /litr.)	10
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +15°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	1
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	3
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þynning	Á ekki að þynna. Má ekki lita.
VOC hámarksgildi (g/l)	10
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

### Núverandi TDS útgáfa

júní 2021

### Í staðinn fyrir TDS útgáfu

janúar 2021